

Matvælastofnun
Bt. Hrönn Ólína Jörundsdóttir
Austurvegur 64
800 Selfoss



Reykjavík 15. september 2023

Erindi: Fyrirspurn vegna ólöglegra geldinga sauðfjárbænda á hrútum

Allt frá landnámi hafa bændur haldið sauði, þ.e. verið með hrúta sem búið er að gelda.

Áður fyrr sáu bændur/umsjónaraðilar skepnanna um að gelda hrúta en nú á tímum eiga geldingar að vera framkvæmdar af fagaðilum. Geldingar eru oftast framkvæmdar að hausti áður en hið svokallaða hrútabragð kemur í kjötið. Á þeim tíma eru hrútar orðnir um 5-6 mánaða gamlir og nokkuð vel þroskaðir u.þ.b. 45-50 kg á fæti.

Eins og fyrr greinir voru það bændur/umsjónaraðilar sem sáu um geldingar á hrútum og var það framkvæmt með ýmsum leiðum á borð við:

- Pungur skorinn af með hníf.
- Pungur visnar af, þar sem bundið er rétt ofan við punginn og blóðrás stöðvuð.
- Pungur kraminn af, töng brugðið á svæði rétt ofan við pung og hann kraminn af.

Allar þessar aðferðir voru framkvæmdar án deyfingar, hreinsunar á sári og án verkjastillandi meðhöndlunar. Hrútar gefa ekki frá sér sársaukaóp enda flóttadýr að eðlisfari og því í eðli þeirra að gefa frá sér sem minnst hljóð þó svo sársauki þeirra við ofangreindar aðfarir við að taka af þeim kynfæri sé óbærilegur. Það þýðir þó ekki að dýrin þjáist ekki.

Í dag mega einungis dýralæknar sinna aðgerðum líkt og geldingum á hrútum. Við geldingu fái hrútur deyfingu, hreinsun á sári og verkjastillandi meðhöndlun, allt af hendi dýralækna. Þær fyrrnefndu aðferðir sem bændur máttu tilneyddir framkvæma áður fyrr til að gelda hrúta eru pyntingar sem tilheyra fortíðinni. Í fjárhúsum landsins myndi enginn, nokkru sinni, láta skepnu sína ganga í gegnum slíkar kvalir sem ofangreint vísar til - eða hvað?

Dýraverndarsambandi Íslands hafa borist ábendingar um að því miður viðgangist það enn að hrútar séu geltir án aðkomu dýralækna og að það sé jafnvel algengt. Þessi ábending um að bændur séu gelda hrúta hefur að hluta til verið staðfest af fagaðilum innan stéttar dýralækna með þeim orðum “... við vitum hvert við förum í sveitinni til að gelda hrúta, en það eru ekki margir staðir...”

Því óskar stjórn DÍS eftir svörum við eftirfarandi spurningum:

1. Eru til gögn um það hjá MAST hversu mörg sauðfjárbýli nýta sér þjónustu dýralækna við geldingu á hrútum?
2. Hvernig sér MAST til þess að sauðfjáreigendur gangi ekki sjálfir erinda dýralækna í fjárhúsum landsins?
3. Hefur MAST upplýsingar um hver staðan er nú og er verið að bregðast við?

Virðingarfyllst fyrir hönd stjórnar DÍS,

Linda Karen Gunnarsdóttir.

Linda Karen Gunnarsdóttir
formaður DÍS